

Áhrif á heilsufar og ráðleggingar um viðbrögð við SO₂ frá eldgosum

Magn SO ₂ *		Lýsing á loftgæðum	Ráðleggingar um aðgerðir	
µg/m ³	ppm		Einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma**	Heilbrigðir einstaklingar
		Góð		
0-300	0-0,1	Yfirleitt engin áhrif á heilsufar.	Getur fundið fyrir áhrifum.	Engin áhrif á heilsufar.
		Sæmileg		
300-600	0,1-0,2	Getur valdið óþægindum í öndunarfærum hjá einstaklingum með undirliggjandi sjúkdóma.	Farið með gát, fylgist með mælingum.	Áhrif á heilsufar ólíkleg.
		Slæm fyrir viðkvæma		
600-2.000	0,2-0,7	Einkenni frá öndunarfærum líkleg hjá einstaklingum með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma. Lítil vandamál hjá heilbrigðum.	Forðist áreynslu utandyr.	Áhrif á heilsufar ólíkleg en gagnlegt að draga úr áreynslu utandyr.
		Óholl		
2.000-9.000	0,7-3,0	Einkenni frá öndunarfærum líkleg hjá öllum einstaklingum, einkum einstaklingum með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma.	Dveljið innandyr og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu.	Forðist áreynslu utandyr. Þeir sem hafa tök á haldi sig innandyr, loki gluggum og slökkvi á loftræstingu.
		Mjög óholl		
9.000-14.000	3,0-5,0	Allir líklegir til að finna fyrir miðlungs- eða alvarlegum einkennum frá öndunarfærum.	Dveljið innandyr og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.	Dveljið innandyr og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.
		Hættuástand		
> 14.000	>5,0	Alvarleg einkenni frá öndunarfærum líkleg.	Dveljið innandyr og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.	Dveljið innandyr og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.

*Meðalgildi í 10-15 mínútur.

**Börn og fullorðnir með astma, berkjubólgu, lungnabembu og hjartasjúkdóma. Þessar leiðbeiningar gilda einnig um barnshafandi konur.

Almennar ráðleggingar:

1. Lungna- og hjartasjúklingar hafi sín lyf tiltæk.
2. Almenn ráð til að draga úr SO₂ í öndunarvegum:
 - Andið sem mest með nefi og forðist líkamlega áreynslu.
 - Dveljið innandyr og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu ef móða er áberandi í umhverfi.
 - Ef SO₂ mengun veldur óþægindum í öndunarvegi getur verið gagnlegt að nota viftu innandyr og setja yfir hana blautan klút sem vættur hefur verið í vatni. Betra er þó að nota vatn blandað með matarsóta (5 grömm í hvern lítra vatns) þar sem matarsótinn bindur

brennisteininn í andrúmsloftinu. Látið viftuna blása í gegnum klútinn og gætið að því að klúturinn sé stöðugt rakur. Einnig getur verið gagnlegt við há gildi af SO_2 , að væta klút/grímu í vatni með matarsóta (5 grömm í hvern lítra vatns) og anda í gegnum klútinn/grímuna. Við það dregur úr brennisteinsmengun í innönduðu lofti. Athugið að ef klúturinn/gríman er mjög þétt, getur öndunin reynst lasburða einstaklingum erfið og jafnvel hættuleg.

- Notkun gasgríma er áhrifaríkust til að draga úr SO_2 í innöndunarlofti. Gasgrímur eru hins vegar víða ekki tiltækar og ekki ráðlagðar nema þar sem mikillar mengunar verður vart svo sem nálægt eldstöð og þá samkvæmt sérstökum ráðleggingum yfirvalda.

Sóttvarnalæknir, Umhverfisstofnun og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra. September 2014

Byggt á upplýsingum frá U.S. Department of the Interior, U.S. Geological Survey, Menlo Park, California, USA og USGS-Hawaiian Volcano Observatory, USA. (<http://hvo.wr.usgs.gov>).